

Reglugerð um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2019 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

1. gr.

Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í reglugerð þessari. Ríkissjóður veitir árlegu fjárframlagi til lífeyrissjóða til þess að ná því markmiði samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Í samræmi við VI. kafla laga nr. 113/1990, skal fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2019 nema 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla laga nr. 113/1990. Framlagið skal byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds næstliðins árs.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

1. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
2. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarlífeyriskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni vegna væntanlegra iðgjalda miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. málsl.
3. Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

3. gr.

Úthlutun fjárframlags árið 2019.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2019 renna til lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi frá fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætlaður gjaldstofn tryggingagjalds árið 2018 nemur samkvæmt ríkisreikningi 2018 samtals kr. 1.524.091.764.186 og er áætlað fjárframlag ársins 2018 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða því með vísan til 1. gr. samtals kr. 4.953.298.234 og skiptist það milli lífeyrissjóða sem hér segir:

Lífeyrissjóður	Fjárhæð kr.	Hlutfall
Almenni lífeyrissjóðurinn	23.701.532	0,479%
Birta lífeyrissjóður	181.662.213	3,668%
Eftirlaunasjóður FÍA	10.228.561	0,207%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	891.594	0,018%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L050EsH	4.433.202	0,090%

Festa lífeyrissjóður	713.968.407	14,414%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	155.731.696	3,144%
Gildi lífeyrissjóður	1.853.202.235	37,414%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	40.914.243	0,826%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L140LsA	2.650.015	0,054%
Lífeyrissjóður bankamanna-aldur	18.995.899	0,384%
Lífeyrissjóður bankamanna-hlutfall	16.841.214	0,340%
Lífeyrissjóður bænda	18.525.335	0,374%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L510LsN	396.264	0,008%
Lífeyrissjóður Rangæinga	34.697.854	0,701%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	3.814.040	0,077%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	3.838.806	0,078%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L600LsH	1.263.091	0,026%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	2.724.314	0,055%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	25.459.953	0,514%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	289.272.617	5,840%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	164.003.705	3,311%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	156.326.092	3,156%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	58.498.452	1,181%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L700LsV	2.526.182	0,051%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	1.981.319	0,040%
Lífsverk lífeyrissjóður	12.259.413	0,248%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	366.445.003	7,398%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	102.805.705	2,076%
Stapi lífeyrissjóður	612.945.890	12,375%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	72.268.621	1,459%
Samtals	4.953.273.467	100,000%

Við greiðslu fjárframlags ársins 2020, í október 2020, skal endurreikna, og leiðrétta ef þörf er á, fjárframlag ársins 2019 á grundvelli endurskoðaðra upplýsinga um gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2018.

4. gr.

Leiðrétting fjárframlags ársins 2018.

Endurskoðaður gjaldstofn tryggingagjalds vegna ársins 2017 er kr. 1.396.436.720.512. Mismunur áætlaðs gjaldstofns tryggingagjalds ársins 2017 skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1166/2018, um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2018 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, og endurskoðaðs gjaldstofns tryggingagjalds vegna ársins 2017 er kr. 4.670.099.298 til hækkunar. Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2018 nam 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds, sbr. lög nr. 177/2006, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Leiðrétting fjárframlags ársins 2018, frá því sem það var ákvarðað

með reglugerð nr. 1166/2018, nemur því samtals kr. 15.177.823 til hækkunar. Áætlað fjárframlag ársins 2019 eins og það er ákvarðað skv. 3. gr. hækkar um þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

Lífeyrissjóður	Fjárhæð kr.	Hlutfall
Almenni lífeyrissjóðurinn	177.656	1,171%
Birta lífeyrissjóður	559.455	3,686%
Eftirlaunasjóður FÍA	30.963	0,204%
Eftirlaunasjóður Reykjaneshæð	6.754	0,045%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L050EsH	16.468	0,109%
Eftirlaunasj. starfsm. Útvegsbanka Íslands	2.049	0,014%
Festa lífeyrissjóður	1.750.686	11,535%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	664.485	4,378%
Gildi lífeyrissjóður	6.126.225	40,363%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	119.146	0,785%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L140LsA	8.348	0,055%
Lífeyrissjóður bankamanna-aldur	53.426	0,352%
Lífeyrissjóður bankamanna-hlutfall	63.595	0,419%
Lífeyrissjóður bænda	57.296	0,378%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	94.937	0,626%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L510LsN	1.241	0,008%
Lífeyrissjóður Rangæinga	124.382	0,820%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	11.687	0,077%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	16.544	0,109%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L600LsH	4.174	0,028%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	8.651	0,057%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	78.090	0,515%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	816.946	5,383%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	438.867	2,892%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	321.998	2,122%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	160.354	1,057%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L700LsV	9.486	0,063%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	6.147	0,041%
Lífsvirk lífeyrissjóður	32.101	0,212%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	1.108.740	7,305%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	331.256	2,183%
Stapi lífeyrissjóður	1.753.570	11,554%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	222.127	1,464%
Samtals	15.177.823	100,000%

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi eldri reglugerð nr. 1166/2018 sama efnis.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 4. desember 2019.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Anna V. Ólafsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.